

17. janúar 2022

Fundargerð Viðbragðsstjórnar Skóla- og velferðarþjónstu Árnesþings

Mættir; Hallbjörn verkefnastjóri málefni fatlaðra, Anný, verkefnastjóri barnavernd, Hrafnhildur K., teymisstjóri skólaþjónustu og Melkorka Jónsdóttir, forstöðumaður SVÁ sem einnig ritaði fundargerð.

Í síðastliðinni viku lýsti Ríkislögreglustjóri yfir neyðarstigi v/Covdi19 í samfélaginu.

Við það virkjast neyðaráætlun SVÁ og viðbragðstjórn tekur til starfa. Sjá nánar hlutverk hér að neðan:

Virkjun neyðaráætlunar.

Ákvörðun Ríkislögreglustjóra um almannavarnastig vegna heimsfaraldurs gildir um virkjun þessarar áætlunar. Forstöðumaður Skóla- og velferðarþjónustu að höfðu samráði við teymisstjóra skólaþjónustu ber ábyrgð á að tilkynna starfsfólki um að virkja neyðaráætlunar. Stjórn byggðasamlagsins (NOS) og skólaþjónustu- og velferðarnefnd skulu einnig upplýst um það.

Í viðbragðsstjórn Skóla- og velferðarþjónustu sitja; Melkorka Jónsdóttir forstöðumaður SVÁ, Hrafnhildur Karlsdóttir teymisstjóri skólaþjónustu, Hallbjörn Valgeir Traustason, verkefnastjóri í málefnum fatlaðs fólks og Anný Ingimarsdóttir, verkefnastjóri barnavernd.

Viðbragðsstjórn gætir þess að Skóla- og velferðarþjónusta búi yfir nýjustu upplýsingum frá almannavarnadeild ríkislögreglustjóra og landlæknisembættinu um stig faraldursins og kemur þeim á framfæri til starfsfólks. Viðbragðsstjórn annast eftirfylgni við leiðbeiningar til starfsmanna varðandi fyrirkomulag á vinnustað auk sótthreinsibúnaðar og umgengisreglna og sér um samskipti við starfsfólk vegna veikinda og fjarveru og ber að upplýsa sveitarstjóra viðkomandi sveitarfélags um veikindi og sóttkví/einangrun.

Sé lýst yfir neyðarstigi almannavarna gilda eftirfarandi reglur um starfsemi Skóla- og velferðarþjónustu.

- Viðbragðsstjórn kannar birgðir á hreinlætisvörum eins og sápu, sótthreinsispritti, handþurrkum, ræstingavörum o.þ.h. og pantar inn á lager, ef til þess kæmi að birgjar loka. Eins þarf að skoða hvort þörf er á tíðari þrifum. Þá er könnuð staða á öðrum rekstrarvörum eins og t.d. pappír og prenthylkjum.
- Í faraldri skal starfsfólk lágmarka fundahöld og og snertingu við annað fólk. Notast skal meira við síma, tölvur og fjarfundi á Teams til samskipta eins og frekast er unnt.
- Skóla- og velferðarþjónustan fylgir fyrirmælum sóttvarnalæknis hverju sinni varðandi ferðalög innanlands sem utan. Taka skal tillit til þess ef fólk vill síður ferðast innan um aðra þegar faraldur stendur yfir. Hafa verður einnig í huga að flugvellir og landamæri geta lokast vegna heimsfaraldurs.
- Um veikindaleyfi og umönnunarleyfi starfsfólks gilda ákvæði kjarasamninga og sérstakar ákvarðanir stjórnvalda sem í tilfelli Covid-19 ábyrgjast laun í sóttkví sem er samkvæmt fyrirmælum. Forstöðumaður getur samþykkt rýmri heimildir telji hann nauðsynlegt að mæta þörfum starfsmanns, t.d. vegna umönnunar barna eða náinna ættingja.

- Tryggja þarf að starfsmenn eða aðkeypt þjónusta geti komið í stað þeirra sem verða úr leik, sér í lagi vegna lykilstarfsfólks og starfa sem ekki mega falla niður. Starfsfólk getur átt von á að vera fært til milli starfa til að sinna verkefnum sem hafa forgang í faraldri.
- Þjóða skal upp á að starfsfólk sinni vinnu heiman frá. Starfsmönnum verður heimilt að taka vinnu með sér heim og vinna heima eða semja um sveigjanlegan vinnutíma við forstöðumann eða teymisstjóra/verkefnastjóra.
- Forstöðumaður getur í samráði við viðbragðsstjórn SVÁ hvenær sem er ákveðið að breyta fyrirkomulagi á þjónustu við skjólstæðinga til að draga úr smithættu eða til að mæta breyttum aðstæðum í samfélaginu meðan á faraldrinum stendur. Breytt fyrirkomulag getur m.a. falist í að þjónusta falli niður, opnunartími verði stytur eða afgreiðslu lokað þannig að öll samskipti við skjólstæðinga fari fram símleiðis, með tölvupóst- og bréfasamskiptum á Teams eða með öðru fyrirkomulagi sem starfsmaður og skjólstæðingar verða sammála um.
- Breytingar á opnunartíma eða fyrirkomulagi á afgreiðslu við viðskiptavini þarf að kynna eins fljótt og vel og unnt er, t.d. með upplýsingum á heimasíðu og merkingum við inngang eftir því sem við á.

Á fundinum var til umræðu mikilvægi þess að halda út órofinni þjónustu að svo miklu marki sem það er hægt en að sama skapi að reyna að eiga sem flest samskipti í gegnum tölvupósta, síma eða Teams. Það er þó hvers og eins ráðgjafa/starfsmanns að meta það hverju sinni hvort að nauðsynlegt sé að hitta einstaklinga/skjólstæðinga hverju sinni.

Málefni skólanna voru rædd. Staðan er sú að Kerhólsskóli hefur verið lokaður frá því á mánudaginn 10. janúar sl. vegna covid. Í Grunnskólanum í Þorlákshöfn hefur staðan verið misjöfn, einhverjir bekkir hafa verið í sóttkví sl. vikur. Í Bergheimum í Þorlákshöfn hefur gengið vel. Í Flóaskóla og Krakkaborg í Flóahreppi hefur gengið vel sem og í Þjórsárskóla í Leikholti í Skeið- og Gnúp. Í Flúðaskóla hafa smit eitthvað að vera að koma upp undafarið. Í Reykholtsskóla hefur verið kennt í fjarkennslu á unglíngastigi, smit eru að tínast inn þar. Við höfum ekki heyrt af smitum í Álfaborg. Eitthvað hefur verið um smit í Bláskógaskóla á Laugarvatni og þurft að hagræða varðandi kennslu. Í Undralandi í Hveragerði hefur verið þung staða, leikskólinn var lokaður síðustu dagana fyrir jóla. Í Óskalandi í Hveragerði hefur gengið vel en þurfti að loka nú í byrjun vikunnar. Sömuleiðis hefur verið þungur róður í Grunnskólanum í Hveragerði, mikið um smit og sóttkví, margir starfsmenn frá og skólinn lokaður nú í byrjun vikunnar.

Það er því ljóst að róðurinn er þungur og staðan afar viðkvæm í leik- og grunnskólum. Skólastjórnendur hafa þurft að vinna langana vinnudaga vegna smitakningar og upplýsingagjafar í tenglum við það.

Ráðgjafar Skóla- og velferðarþjónustu hafa fundað vikulega með stjórnendum í grunnskólum vegna ástandsins, þar bera stjórnendur saman bækur sínar, hjálpast að og deila gagnlegum upplýsingum varðandi rakningar, viðbrögð og fleira.

Kennsluráðgjafarnir; Hrafnhildur og Kristína Arna eru báðar að fara í alla þá skóla þar sem aðstæður leyfa, en er í lágmarki.

Eins eru Hrafnhildur K., Kristín Arna og Hrafnhildur Hlín að útbúa örfyrirlestra fyrir foreldra sem verða aðgengilegir á heimsíðu SVÁ. Einnig munu talmeinafræðingar væntanleg setja inn erindi. Þau munum m.a. fjalla um líðan barna í heimsfaraldri, hvað er eðlilegt að sjá í hegðun og heyra börnin

tala um og hvaða merkjum þarf að vera vakandi fyrir ef hegðunin eykst. Einnig erindi sem gagnast kennurum varðandi málþroska ungra barna, leik barna, núvitund í skólastarfi og fleira. Örfyrirlestrarnir eru hugsaðir til að koma til móts við kennara og starfsfólk í stað námskeiða sem Skóla- og velferðarþjónusta býður í venjulegu árferði og kennarar sækja.

Forgangshópar; Anný mun taka saman list með forgangshópa innan barnaverndar og eru ráðgjafar nú þegar í samskiptum við þessa hópa/fólk reglulega.

Eins er mikilvægt að huga að því bakvaktir innan barnaverndar séu mannaðar hverju sinni þó svo að ráðgjafar barnaverndar detti út vegna sóttkvíar/eða einangrunar.

Hrafnhildur K. heldur utan um forgangshópa innan skólaþjónustunnar.

Hallbjörn mun taka stöðuna á heimilum fatlaðs fólks og setja sig í sambandi við forstöðumenn. Þetta eru Birkimörk, Selvogsbraut, Skaftholt og Sólheimar.

Næstu fundir viðbragðsstjórnar verður mánudaginn 24. janúar kl. 11 – 12.

Næsti stöðufundur starfsfólks SVÁ verður miðvikudaginn 19. janúar kl. 15 - 16